

Fundargerð 398

Föstudaginn 21. september 2012, kl. 13:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman á Skrifstofuhótelinu á Ísafirði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason, formaður, Ásta Dís Óladóttir, varaformaður, Guðmundur R. Gíslason, Gunnar Svavarsson, Matthildur Helgadóttir Jónudóttir, Sigurborg Kr. Hannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Hjalti Árnason, Pétur Grétarsson og Magnús Helgason sem jafnframt var fundarritari.

Ólöf Hallgrímsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 13:13 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerðir síðustu funda
2. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar
3. Lánastarfsemi Byggðastofnunar – samfélagsáhrif
4. Hlutfé – eigendastefna
5. Dómur í máli Samvirkni ehf. gegn Byggðastofnun
6. Erindisbréf regluvarðar
7. Einfölduð áreiðanleikakönnun skv. tilmælum FME
8. Fundargerðir lánanefndar
9. Stjórnsýsluleg staða byggðamála í stjórnarráðinu
10. Auknar álögur á ferðaþjónustuna
11. Önnur mál
12. Næsti fundur

Dagskráin staðfest samhljóða.

1. Fundargerðir síðustu funda

Formaður bar upp fundargerðir 395, 396 og 397 og voru þær samþykktar samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar

AÐ fór yfir rekstur fyrstu 8 mánuði ársins og fór yfir starfsáætlun ásamt formanni. M.a. kom fram að mikill tími starfsmanna þróunarsviðs hefur farið í svokölluð IPA mál. GS lýsti yfir áhyggjum yfir því hversu fáir óska eftir lánnum en lýsti ánægju með að rekstrarkostnaður stofnunarinnar sé á áætlun, og tóku aðrir stjórnarmenn undir það.

3. Lánastarfsemi Byggðastofnunar – samfélagsáhrif

AÐ fór yfir drög að skýrslu sem er í vinnslu á fyrirtækjasviði um samfélagsáhrif lánveitinga Byggðastofnunar. Skýrslan er ætluð sem innlegg í umræðuna um framtíð lánastarfsemi stofnunarinnar. Umræður urðu um framsetningu skýrslunnar. M.a. kom fram að skýrslan svaraði ekki spurningunni um hver væru samfélagsleg áhrif

lánveitinga Byggðastofnunar. Nokkur umræða varð um þá mælikvarða sem notaðir eru, t.d. talning starfa og kostnaður pr. starf. Fram kom að skynsamlegt gæti verið að fá álit utanaðkomandi aðila á skýrslunni og þeim mælikvörðum sem notaðir eru, og eins við kynningu og framsetningu á skýrslunni.

Máið verður aftur á dagskrá á næsta fundi stjórnar.

4. Hlutfé – eigendastefna

Dreift var drögum að eigendastefnu Byggðastofnunar í hlutafélögum. Á stjórnarfundum 6. júlí sl. var umræða um eigendastefnu Byggðastofnunar í hlutafélögum. AÐ óskaði eftir tillögum og ábendingum stjórnarmanna. Stefnt er að því að leggja endanlega stefnu fyrir næsta stjórnarfund til samþykktar.

5. Dómur í máli Samvirkni ehf. gegn Byggðastofnun

HÁ og AÐ fóru yfir nýfallinn dóm sem féll í Héraðsdómi Norðurlands vestra 14. september sl. Niðurstaða dómsins var að lán sem Byggðastofnun veitti fyrirtækinu Samvirkni ehf. á Akureyri í febrúar 2008 teldist vera lögmætt lán í erlendri mynt en ekki lán í íslenskum krónum með ólögmætri gengistryggingu. Dómurinn hefur fordæmisgildi um aðra lánasamninga stofnunarinnar í erlendri mynt. Var því Byggðastofnun sýknuð af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Líklegt er að málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar sbr. yfirlýsingu stefnanda í fjölmiðlum.

HÁ upplýsti um dómsmál sem höfðað hefur verið gegn stofnuninni vegna láns sem breytt var úr verðtryggðum krónum í erlenda mynt.

6. Erindisbréf regluvarðar

Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2011 var sett fram ábending um nauðsyn þess að kveða skýrar á um hlutverk regluvarðar og var hvatt til að verksvið hans yrði formlega skilgreint.

HÁ lagði fram tillögu að erindisbréfi regluvarðar Byggðastofnunar en samkvæmt 6. grein reglugerðar nr. 995/2007 og sbr. 26. gr. og 130. gr. laga nr. 108/2007 skal fjármálafyrirtæki skipa regluvörð og afmarka verksvið hans.

Formaður bar upp erindisbréf regluvarðar og tillögu að skipun Hjalta Árnasonar sem regluvarðar stofnunarinnar og Guðbjargar Sigurbjörnsdóttur sem vararegluvarðar.

Samþykkt samhljóða.

7. Einfölduð áreiðanleikakönnun – skv. tilmælum FME

Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2011 var sett fram ábending um nauðsyn þess að koma í formfastan farveg einfaldri áreiðanleikakönnun.

HÁ fór yfir minnisblað og tillögur að breytingu á verklagsreglum stofnunarinnar um útlánastarfsemi, fjármála- og eignaumsýslu.

Í kafla 3 komi ný grein nr. 3.2, svohljóðandi

3.2 Einfölduð áreiðanleikakönnun

Áður en samningssambandi er komið á við viðskiptamann, eða áður en viðskipti eiga sér stað skal Byggðastofnun gera kröfu um að nýr viðskiptamaður sýni fram á að hann sé í viðskiptum við sambærilegt fjármálafyrirtæki eða –stofnun og tilgreind eru í 16. gr. laga nr. 64/2006

Byggðastofnun skal þó alltaf skrá nafn einstaklings eða lögaðila, kennitölu og heimilisfang í samræmi við ákvæði 2. mgr. 15. gr. sömu laga

Númer annarra greina í kafla 3 breytist í samræmi við þetta.

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða

8. Fundargerð lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 16/12, 21. ágúst 2012.

AP fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 17/12, 30. ágúst 2012.

AP fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 18/12, 6. september 2012.

AP fór yfir fundargerðina.

...

...

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 19/12, 14. september 2012.

AP fór yfir fundargerðina.

...

...

Fundargerðin staðfest.

9. Stjórnsýsluleg staða byggðamála í stjórnarráðinu

Stjórnsýsluleg staða Byggðastofnunar hefur verið rædd í stjórnarráðinu. Ákvörðun verður væntanlega kynnt síðar.

10. Auknar álögur á ferðaþjónustuna

Rætt var um hvort stjórn Byggðastofnunar ætti að senda frá sér ályktun vegna hækkunar á virðisaukaskatti á gistingu.

Byggðastofnun mun senda inn umsögn á grundvelli umsagnarbeiðni viðkomandi þingnefndar þegar hún berst.

11. Önnur mál

AÐ upplýsti um auglýsingu á fullnustueignum stofnunarinnar sem birtist í Morgunblaðinu á fimmtudaginn og í DV í dag.

SKH spurði um málefni Raufarhafnar. AÐ sagði frá fundi sem hann og formaður auk Sigríðar Þorgrímsdóttur áttu á Raufarhöfn með hagsmunaaðilum. Málið er áfram í vinnslu.

12. Næsti fundur

Næstu fundir verða föstudaginn 19. október nk. á Sauðárkróki og föstudaginn 23. nóvember í Hveragerði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:08

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____

